

Innan þriggja klukkustunda fyrir eða eftir töku lyfsins má ekki drekka mjólk eða súrmjólk, taka járn eða sýrubindandi lyf. Varasamt er að gefa ung- börnum lyfið.

2. gr.

Undanþága varðandi lausasölu á lyfjum, er innihalda acetphenolisatinum fellur niður. Acetphenolisatinum verður lyfseðilsskylt án undantekninga sbr. 10. gr.

3. gr.

Stærð lyfseðils sbr. 3. gr. stafliður a. sbr. og viðauki 4, skal vera að breidd 10—11 cm og að lengd 20,5—22,5 cm. Heimilt er að geta nafns læknis, aðseturs og síma efst á lyfseðli.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. október 1975.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grimsson.*

Nr. 442.

2. október 1975.

## AUGLÝSING

### um skipulag í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Andakílshrepps í Borgarfjarðarsýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum á fornum lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1975.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

Nr. 443.

2. október 1975.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi á horni Hæðargarðs og Grensásvegur í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 30. september 1975 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi á horni Hæðargarðs og Grensásvegur í Reykjavík, reit 1.816.3, að því er varðar eftirfarandi:

Í stað útivistarsvæðis, skal hér eftir gert ráð fyrir 1--2½ hæða íbúðabyggð á þessum reit.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1975.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## REGLUGERÐ OG GJALDSKRÁ

### Vatnsveitu Búlandshrepps, Djúpavogi.

#### 1. gr.

Vatnsveita Búlandshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns í Búlandshreppi.

#### 2. gr.

Til að annast framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur svo og umsjón með eignum vatnsveitunnar kýs hreppsnefnd vatnsveitunefnd, sem skipuð skal þrem mönnum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil vatnsveitunefndar er hið sama og hreppsnefndar þeirrar er hana kýs.

#### 3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært er. Að húsvegg allra þeirra húsa á Djúpavogi, sem fullgerð eru eða hafin var smíði á fyrir 1. nóvember 1967 leggur vatnsveitan vatnsæðar frá aðalæðum á sinn kostnað. Eigendur þeirra húsa, sem hafin var smíði á frá og með 1. nóvember 1967 greiði sjálfir allan kostnað við lagnir að húsum sínum frá aðalæðum.

#### 4. gr.

Hver sá sem vill fá vatnsæð frá vatnsveitu Búlandshrepps skal senda um það skriflega umsókn til vatnsveitunefndar. Vatnsveitunefnd eða starfsmaður hennar sér um tengingu nýrra vatnsæða.

#### 5. gr.

Skýlt er þeim er vatn kaupir að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að eða aðrar bilanir, sem verða á þeim og skal hann sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í þeim. Eigi má setja aflvél í samband við vatnsveituna, nema samþykki vatnsveitunefndar liggi fyrir, og þá með þeim útbúnaði er hún samþykkir.

#### 6. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerða á vatnsæðum. Slíka lokun skal tilkynna fyrirfram, ef tök eru á. Fullan vatnsskatt skal greiða þó slík lokun fari fram.

#### 7. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn til þeirra, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja viðgerðir á lögnum sínum og hafa þær þannig, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum tíma.